Birgir Kjaran, hagfræðingur:

Sjálfstætt viðhorf

Leit að lífshamingju

Menn greinir tíðum á um merkingu orða. Sá merkingarmunur, sem lagður hefur verið í orðið stjórnmál, kann stundum að hafa ráðið sköpun einstaklinga og þjóða. Ágreiningurinn er um, hversu víðfeðmt hugtakið sé og hver tilgangurinn. Túlkun stjórnmálahugtaksins ræður miklu um afskipti eða afskiptaleysi einstaklinga af stjórnmálum. Í þrengstri merkingu eru stjórnmál skilgreind sem viðhorf til aðvífandi dægurmála og eru þá fyrst og fremst heildarheitið á þeim deilum, sem jafnaðarlega spretta af skiptum skoðunum á lausn þeirra. Í þessum skilningi ganga stjórnmálin undir hversdagsnafninu „pólitík". — Afstaðan til dægurmálanna er eða getur vissulega verið stjórnmálaleg, en dægurmálin eru þó aðeins önnur hlið stjórnmálanna.

Í víðtækastri merkingu eru stjórnmálin talin rúma öll mannleg fyrirbæri, eða með öðrum orðum að vera lífsskoðun. Samkvæmt þeirri stjórnmála-lífsskoðun eða stjórnmálatrú eiga stjórnmálin að vera ákveðin meginhugmynd um innra samhengi náttúrunnar og mannsins sem leggja megi til grundvallar við allt mat á gildi og verðmæti fyrirbæra og hluta og móta beri líf sitt í samræmi við það. Marxisminn er ein þeirra stjórnmálakenninga, sem telur sig lífsskoðun og gerir kröfu til alræðis yfir andlegu og efnalegu lífi mannsins, og móta vill hugarheim hans og athafnir frá vöggu til grafar.

Báðar nefndar lýsingar á inntaki orðsins stjórnmál gera marga menn fráhverfa skiptum af stjórnmálalífi, sökum þess að sumum finnast sjónarmiðin kotungsleg og himinninn asklok, þegar rætt er um stjórnmál í þrengstri merkingu, og aðrir

telja sig afsala sér helgidómi mannlífsins, ef þeir keyri einstaklingseðli sitt og persónuleika í spennitreyju staðnaðra kreddukenninga stjórnmála-lífsskoðunarinnar. En neikvæð afstaða borgaranna til stjórnmála eða afskiptaleysi þeirra á viðfangsefnum stjórnmálanna er í senn skaðleg einstaklingnum og tjón fyrir samfélagið, eða eins og brezki heimspekingurinn Francis Bacon sagði: „Menn ættu að gera sér ljóst, að á leiksviði mannlífsins eru aðeins Guð og englarnir áhorfendur." Allir menn eru hinsvegar þátttakendur í leikspili samfélagsins, hvort sem þeim líkar það betur eða ver, og ber því að taka afstöðu til viðfangsefnanna og leggja lóð sitt á vogarskálina við lausn þeirra.

Skoðun Sjálfstæðismanna á eðli og tilgangi stjórnmálanna er hér sem víðar grunduð á meðalhófi. Að þeirra áliti geta stjórnmálin byggt á lífsskoðun, eða verið hluti lífsskoðunar, en stjórnmálin eiga ekki sjálf að gera kröfu til að vera alger lífsskoðun. Við hlið stjórnmálanna og óháð þeim eru önnur hugðarefni mannsins jafnrétthá. Maðurinn er ekki aðeins stjórnmálalegt fyrirbæri, heldur fyrst og fremst manneskja. Stjórnmál hafa og engan tilgang í sjálfu sér og stjórn er ekkert yfirnáttúrlegt viðundur, heldur einungis stjórn manna á mönnum.

Brezki rithöfundurinn Bertrand Russel hefur af hagleik haslað stjórnmálunum völl með eftirfarandi orðum: „Fólk gleymir því oft, að stjórnmál, efnahagsmál og félagsleg skipulagsmál eru yfirleitt tæki, en ekki takmark, leiðir, en ekki markmið." Bæði í vali markmiða og leiða greinir Sjálfstæðismenn á við áhangendur stjórnmálatrúarinnar. Sjálfstæðisstefnan hefur ekkert endanlegt lokamark. Markmiðin eru áfangar, sem náð er með tímanum, en þau geta einnig ummótazt með tilkomu nýrra sanninda og breytzt af þjóðarnauðsyn. Öll markmið eru aðeins vörður á veginum, sem þrotlaus leit manna að lífshamingju liggur um. Leiðin að markmiðinu, stefnan, verður því að vera breytileg og mannleg án þess þó að misst sé sjónar af markmiðinu. Á andstæðu skauti er markmið stjórnmála-lífsskoðunar, eins og t. d. marxismans, það er endanlegt og alfullkomið þúsundára-draumríki. Manuilski sagði: „Starfsaðferðirnar geta verið breytilegar, en stefnan að öreigabyltingunni er óhaggandi og óbreytileg." Stefnan, „línan", er ósveigjanleg, óskeikul og blind á allar staðreyndir. Hún liggur beint af augum, þar til hún rekst á vegginn. Markmið „línunnar" eru og óbreytanleg og lúta enda sögulegum lögmálum. Þjóðin verður að laga sig eftir markmiðinu, því að markmiðið sveigir sig ekki einu sinni fyrir þunga þjóðarhagsmuna. Markmiði og leiðum marxista er í senn bezt lýst í orðtakinu: „Tilgangurinn helgar meðalið, þegar við ráðum tilganginum."

Enginn skyldi af framansögðu draga þá ályktun, að þótt Sjálfstæðismenn telji stefnu sína í stjórnmálum ekki þess umkomna að teljast lífsskoðun, þá aðhyllist þeir enga lífsskoðun, og þótt þeir viðurkenni breytileika markmiða og leiða, þá sé það tjáning á skoðanaleysi þeirra og vottur um hneigð til hentistefnu.

Sjálfstæðismönnum er augljós nauðsyn jákvæðrar lífsskoðunar einmitt nú fremur en svo oft áður á öldum. Því veldur niðurrifsstarf marxista. Enda þótt fræðastagl og efnishyggja marxismans hafi reynzt almenningi hörð undir tönn, þá hefur þó tekizt með taumlausum áróðri að maðksmjúga hinar þjóðlegu og rótföstu verðmætishugmyndir manna og ýmist að skilja eftir andlegt tóm, eða reynt að holufylla það með verðmætiskenningu marxista og afslöppu náttúruvísinda-trúargutli. Í stað neikvæðs niðurrifs þarfnast þjóðin heilbrigðrar, jákvæðrar lífsskoðunar. Stjórnmálin skapa enga slíka lífsskoðun, en á þeirra valdi er að hlúa að henni, greiða fyrir henni og þeim ber að byggja á henni. Sú lífsskoðun, sem m. a. flestir Sjálfstæðismenn aðhyllast, er hvorki ung né gömul, heldur síung. Það er lífsskoðun, sem er allt í senn, kristileg, þjóðleg, húmanistisk og félagsleg. Rætur hennar má rekja aftur til klassíska tímabilsins, þegar Aristotel-es og Cicero kvöddu hljóðs kenningum sínum um náttúrulegan rétt manna, er sérhverjum bæri frá fæðingu. Snarasti þáttur hennar er þó siðalögmál kristinnar trúar og boðskapur Krists um jafnrétti allra fyrir Guði. Ívaf þessarar uppistöðu er arfleifðin frá húmanistum upplýsingatímabilsins, er kröfðu ríki og kirkju viðurkenningar á manninum sem skynsemiveru, er ætti fortakslaust rétt á, að einstaklingseðli hans og persónuleiki væri friðhelgur og virtur. Tuttugasta öldin færði okkur í vöggugjöf hin félagslegu viðhorf, sem við höfum reynt að samtvinna þjóðararfinum, en þjóðernismeðvitundina sjálfa drukkum við í okkur með móðurmjólkinni, eða eins og Stephan G. Stephansson segir:

„En svo ert þú, Ísland, í eðli mitt fest,
að einungis gröfin oss skilur."

Þetta eru hornsteinar þeirrar lífsskoðunar, sem þorri þeirra manna, er aðhyllast sjálfstæðisstefnuna af reynslu, ráðnum hug eða óafvitandi, hafa tileinkað sér. Meginsjónarmið þessarar lífsskoðunar eru þó sem betur fer engin séreign Sjálfstæðismanna, heldur eru þau máttarviðir í hugmyndaheimi fjölda annarra, sem aðrar leiðir vilja fara í stjórnmálum.

Varðandi síðari ásökunina um, að viðurkenning á breytileika markmiða og leiða sé sönnun á skorti stefnufestu eða nánast viðurkenning á stefnuleysi, skal því svarað, að meginmarkmið sjálfstæðisstefnunnar er aukin lífshamingja til handa einstaklingum og þjóðarheild, og skemmstu leiðina að því markmiði teljum við hvern frjálsan einstakling rata bezt sjálfan. Eins og maðurinn er ófullkominn og óskir hans og vonir breytilegar, geti markmið hans ekki verið alfullkomið og endanlegt, og sú slóð, er hann treður, ekki alltaf skipulögð alfaraleið. Aðalverkefni stjórnmálanna er því að tryggja frelsi einstaklinganna og veita þjóðinni leiðsögu. Stjórnmálamannsins er að eygja viðfangsefnin í tíma og sjá um, að við þeim sé brugðizt, hvorki of veikt né of seint.

Til afsönnunar hentistefnuáburðinum verður nú sá hugsjónakjarni, er frá upphafi vega hefur markað stefnu Sjálfstæðismanna, skýrður í stórum dráttum.

Maður er manns gaman

Eins og áður hefur verið sagt, hafa stjórnmálin ekki tilgang í sjálfum sér. Þau eru tæki, ekki tilgangur, leið, en ekki markmið. — En tæki í höndum hverra? Og hverjum ber að velja leiðina? Svörin við þessum spurningum verða æði mörg og andstæð, enda er ekki of sagt, að flokkaskipting nútímans sé einmitt að verulegu leyti bergmál grunntóns þeirra. Svörin verða ríkið, þjóðfélagið, stéttin, einstaklingurinn o. s. frv., allt eftir grundvallarviðhorfi manna. Svar Sjálfstæðismanna er maðurinn. Stjórnmálin eru til vegna mannsins og fyrir manninn. Þau eru tæki í hendi hans, og honum ber að velja markmið og leiðir. Þetta eru forn og ný sannindi, sem menn því miður eru oft gleymnir á. Þegar á bernskuskeiði félagsspekinnar benti Aristoteles á, að „stjórnvísindin skapa ekki mennina, en verða að ganga út frá þeim, eins og þeir eru frá náttúrunnar hendi." Í samanburði við þetta klassíska viðhorf viðurkennum við Sjálfstæðismenn hvorki forgang ríkis né stéttar á kostnað sjálfs mannsins, hvorttveggja eru aðeins mannleg sköpunarverk og eiga að lúta velferðarmati hans, en ekki öfugt, að reyna að svínbeygja hann undir ok einhverra stéttarfordóma eða svokallaðra sögulegra þróunarlögmála. Lifandi trú á manninn og hæfileika hans er innsti eðliskjarni sjálfstæðisstefnunnar, enda sá grunnur, er stjórnarfarsleg lýðræðishugsjón hlýtur að hvíla á.

Mannshugsjónin byggir ekki á því, að menn séu almennt góðir eða illir, vitrir eða vitgrannir, djarfir eða deigir. Það eru ríkisdýrkendur og þúsundára-ríkis-menn, sem brúleggja hugmyndaheim sinn með hagfræðilegum meðalmönnum og abstrakt-fólki. Við Sjálfstæðismenn gerum ráð fyrir því, að í okkar þjóðfélagsbyggingu sé það vítt til veggja og hátt til lofts, að þar rúmist allir, þótt engir tveir menn kunni að líta hlutina nákvæmlega sömu augum, meti verðmætin á nákvæmlega sama hátt, eða leggi nákvæmlega sama skilning í hin ýmsu fyrirbæri. Að okkar viti eru það einmitt þessi margbreytilegu viðhorf, sem gera menn að manneskjum, vitsmunaverum, en ekki gerfifólki. Það var á samfélag slíkra, stundum breyskra, en frjálsra og vitiborinna manna, sem Abraham Lincoln setti traust sitt um ókomin ár, er hann sagði: „Það er hægt að blekkja alla menn einu sinni, suma oft, en það er ekki hægt að blekkja alla menn alltaf."

Á þessu viðhorfi til mannsins byggist virðingin fyrir mannhelginni, aðdáunin fyrir manndómnum, viðurkenningin á mannréttindunum og krafan um mannsæmandi þjóðfélag. Maðurinn er félagsvera. Þetta fundu þeir meira að segja áar okkar, þrátt fyrir sína ríku einstaklingshyggju, er þeir ortu sín Hávamál og sögðu:

„Ungr vask forðum,
fórk einn saman,
þá varðk villr vega;
auðigr þóttumk,
es ek annan fann
maðr er manns gaman.

Hrörnar þöll,
sús stendr þorpi á,
hlýrat henni börkr né barr,

svá es maðr,
sá manngi ann.
Hvat skal hann lengi lifa?"

Í hinu margslungna þjóðfélagi nútímans verður félagseðli mannsins þó enn ríkara. Fáar þarfir eru þar brýnni en þörfin fyrir félagsskap, og fáar byrðar þyngri en byrði einmanaleikans. Þeim mun meira knýjandi er, að menn geri sér ljós grundvallarlögmál félagslegra samskipta minnugir hinna örófagömlu sanninda, er Konfúcíus setti fram: „Það sem þú vilt ekki þola öðrum, skalt þú ekki sjálfur gera öðrum." Verður nú vikið að þeim efnum.

Á þjóðlegri rót

„Maður skal eftir mann lifa", segir Egilssaga, og að sömu rót má rekja hugsun höfundar Hávamála, er hann orðar svo meitlað:

„bautasteinar
standat brautu nær,
nema reisi niðr at nið"

Boðskapurinn um tengsl kynslóðanna hefur þannig verið arfleifð Íslendinga frá öndverðu. Þrátt fyrir einstaklingshyggjuna er maðurinn aldrei einn. Hann er hlekkur í keðju kynslóðanna, og kynslóðirnar eru þjóðin.

Að svo miklu leyti, sem hægt er að ræða um íslenzka heimspeki, þá er þjóðarhugsjónin kjarni hennar. Þjóðskáldin eru okkar heimspekingar. Þau hafa túlkað þjóðarandann, stælt þjóðarviljann og vakið okkur til þeirrar þjóðarvitundar, er við hlutum í arf, og auðnuvonir íslenzks þjóðarstofns krefjast, að við leggjum rækt við og skilum óspilltri til komandi kynslóða. Það yrði of langt mál að finna þessum orðum stað með mörgum tilvitnunum, því af svo firnamiklu er að taka, og verður því hér að nægja að grípa niður af hendingu.

Eggert Ólafsson var glæsilegur merkisberi þjóðlegrar heildarhyggju og bera ljóð hans þess óræka vott, eins og eftirfarandi ljóðlínur sýna:

„Fyrir mig einn eg ekki byggi,
afspring heldur og sveitunginn;
eftir mig vil ég verkin liggi,
við dæmin örfast seinni menn;
ég brúa, girði, götu rið,
grönnum til þess veiti lið."

Þjóðhyggja Jónasar Hallgrímssonar kemur skír og ómenguð fram, er hann ritar í Fjölni æviágrip vinar síns og samherja Tómasar Sæmundssonar og kemst þannig að orði. Það verk „sem fegurst er af verkum mannanna, (er) að efla framför og farsæld heillar þjóðar, sinnar þjóðar og þjóðar feðra sinna."

Steingrímur Thorsteinsson bendir á tengsl þjóðar og sögu kynslóðanna:

„Og þig ég elska, mín eigin þjóð,
með ættarbragð frá fyrri tímum,"

Sveinbjörn Egilsson leggur áherzlu á samtvinnun þjóðernis og þjóðtungu:

„Vott um þjóðerni þjóðmál ber,
það skal ei rækja niður."

Matthías Jochumsson mótar þjóðarhugsjónina snjallt og einfalt, og honum eru hugstæð órofa örlagabönd ættar og óðals:

„Eitt er landið, ein vor þjóð,
auðnan sama beggja,
eina tungu, anda, blóð,

aldir spunnu tveggja.
Saga þín er saga vor
sómi þinn vor æra, —"

Í hugskoti útlagans fær þjóðarhugsjónin fyllingu og dýpt, og hljómmikill verður þjóðernisstrengurinn á hörpu Klettafjallaskáldsins, er það kveður:

„Þín fornöld og sögur mér búa í barm
og bergmál frá dölum og hörgum,
þín forlög og vopnspár um fræegðir og harm
mér fylgt hafa að draumþingum mörgum. —
Þinn svipurinn ljúfi, þitt líf og þitt mál,
í lögum þeim hljóma, er kveður mín sál."

En ekkert skáld hefur þó fyrr né síðar ort slíkan óð til íslenzks þjóðernis, innblásinn heiðríkju norræns anda, sem Einar Benediktsson. Aldamótaljóðin hafa að geyma sígilda stjórnmálastefnuskrá bundna í rím og stuðla:

„Vér óskum hér bót við aldanna mót,
en allt þó með gát og á þjóðlegri rót;
með rækt við fortíð og fótsporin þungu,
sem fyrst hafa strítt yfir veglaust og grýtt.
Vér eigum sjálfir að dæmast,
af oss skulu forfeður heiðrast og sæmast.

Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,
án fræðslu þess liðna sést ei hvað er nýtt.
Vort land það á eldforna lifandi tungu,
hér lifi það gamla í þeim ungu — !

Sá veglegi arfur hvers Íslendings þarf
að ávaxtast gegnum vort líf og vort starf,
sem sterkasti þáttur alls þjóðarbandsins,
við þrautirnar stríðu og lífskjörin blíð.
Lát fyllast hljóm þeirra fornu strengja,
lát frumstofninn haldast, en nýtt þó tengja
við kjarnann, sem stóðst, svo kyn vort ei hvarf
sem korn eitt í hafi sandsins.
Fegurra mál á ei veröldin víð
né varðveitt betur á raunanna tíð;
og þrátt fyrir tízkur og lenzkur og lýzkur
það lifa skal ómengað fyrr og síð.
Án þess týnast einkenni og þjóðerni mannsins,
án þess glatast metnaður landsins."

Við Sjálfstæðismenn viljum byggja stefnu okkar á grundvelli þessarar þjóðhyggju.

En hvað er þjóð? — Og hvaða áhrif hefur þjóðernistilfinningin á stjórnmálaafstöðu manna?

Þær eru fjölmargar og ólíkar skilgreiningarnar á þjóðarhugtakinu. Áður fyrr, er rómverska ríkishugsjónin var allsráðandi, töldu menn, að „þeir einstaklingar, sem tilheyra einu ríki, mynduðu ríkisþjóð." Þessi skilgreining hrekkur skammt, en er þó rétt það sem hún nær. Við, sem teljum þjóðina, en ekki ríkið, kjarna málsins, hyllumst að öðru orðalagi, sem fellur betur að hugmyndum okkar. Þjóðin er náið samfélag manna með sameiginlegar erfðir, stjórn, menningu og oftast tungu og uppruna. Hún lætur meðlimum sínum í té meðvitund (þjóðarvitund) um sérkenni, samheldni og heildartilfinningu. Þessi þjóðarvitund er aðaleinkenni þjóðar. Uppruni, landslag og loftslag móta þjóðarskapgerð. Þjóðmenning og þjóðleg list eru afsprengi þjóðar og bera einkenni og svipmót þjóðernis og lands. Svo og skapar þjóðin siði sína og venjur, klæðnað, þjóðsögur, þjóðlög og þjóðhætti. Að okkar dómi er þjóðin lífræn varanleg heild, sem lifir með rætur í fortíð, stofn í nútíð og greinar og limi í framtíð.

Ef stjórnmálaflokkur aðhyllist þjóðarhugtak í líkingu við það, sem hér hefur verið skilgreint, hlýtur það að móta afstöðu hans til fjölmargra samfélagsfyrirbæra.

Enski rithöfundurinn og stjórnmálamaðurinn Edmund Burke, þýzki rómantíkerinn Adam Müller og heimspekingurinn Johann Gottlieb Fichte og Friedrich List, höfundur þjóðlegu hagfræðinnar, voru á meðal þeirra, sem fyrr á tímum settu fram skoðanir, sem ýmist lögðu megin áherzlu á þjóðina, eða þjóðarsöguna og lærdóma hennar. Burke, sem af sumum hefur verið nefndur faðir hins pólitíska konservatisma, dró þær ályktanir af þjóðarhugsjóninni, að þjóðfélagið væri ekki einungis safn einstaklinga á ákveðnu augnabliki, heldur raunverulegt samfélag fjölda genginna, lifandi og óborinna kynslóða. Samfélag, sem væri óforgengilegt, þótt einstaklingar og kynslóðir lykju hlutverki sínu. Hann taldi því megin viðfangsefni hvers ættliðs vera að halda til haga og varðveita þau verðmæti, er fortíðin skilaði nútímanum í arf. Af misskilningi og ókunnugleika hefur þetta viðhorf stundum ranglega verið talið afturhald. Konservatisminn velur úr til varðveizlu. Afturhaldið velur ekki úr arfi fortíðarinnar, heldur vill hverfa aftur að öllu gömlu, hvort sem það er gott eða illt, nýtilegt eða úrelt.

Þjóðernistilfinningin byggir á þjóðerninu, viðurkenningu á tilveru kynstofnsins, sem hóps manna, er aðgreinist frá öðrum mannhópum, vegna ákveðinna andlegra sameinkenna, er gangi að erfðum. Í þeirri viðurkenningu á lögmálum erfða og þjóðaskyldleika þarf ekki að felast neitt mat á kyngæðum stofnsins.

Þjóðernistilfinningunni fylgir óhjákvæmilega vilji til þess að leggja rækt við erfðir þjóðarinnar, sögu, tungu og menningu, því allt endurspeglar það anda og eðli þjóðernisins og lífsreynslu þjóðarinnar, sem til lærdóms og nytja getur orðið þeim, er móta stjórnmál framtíðarinnar.

Spakur maður, engilsaxneskur, sagði, að „sagan væri liðin stjórnmál, en stjórnmálin samtíðarsaga."

Annað heiti á þjóðernistilfinningu er ættjarðarást. Í nafngiftum sínum hefur íslenzk tunga berlega sýnt, hversu þjóð- og ættarhyggjan er Íslendingum í blóð borin, þar sem þeir kenna land sitt ekki einungis við föður og móður, heldur fyrst og fremst við ættina. Hjá fáum þjóðum munu yfirgangslaus þjóðernistilfinning og fölskvalaus ættjarðarást falla svo í einn ál sem hjá Íslendingum, og valda því trúlega landfræðileg og söguleg rök ásamt ríkri þjóðarvitund, er beinir að auknum samhug þjóðarinnar og ósk um þjóðareiningu á örlagastundu. — Við Sjálfstæðismenn teljum ættjarðarást og tryggð við móðurmold meðal þeirra kennda, sem mesta rækt beri að leggja við, því að úr þeim jarðvegi spretti vaxtarbroddar gróandi þjóðlífs í landinu.

Því skal ekki neitað, að eins og allar sterkar tilfinningar, getur þjóðernistilfinningin leiðst á glapstigu, þjóðarhugsjónin verið mistúlkuð, rækt við fortíð umsnúizt í andóf gegn framförum og heilbrigður þjóðarmetnaður umhverfst í kaldrifjaðan þjóðernishroka. En þar er ekki hugsjónina um að saka, heldur afbökun hennar og rangtúlkun í meðförum óvandaðra manna.

Þeir, sem unna eigin þjóð, hljóta að virða aðrar þjóðir. Þeir sem læra vilja

af öðrum þjóðum, læra að skilja aðrar þjóðir, en á gagnkvæmum skilningi grundvallast samúð þjóða. En þótt við viljum læra af öðrum þjóðum, þurfum við að gera okkur ljóst, að við getum ekki látið þjóðleg verðmæti okkar víkja fyrir okkur óskyldum anda og eðlisfjarlægum án þess að bíða af því tjón. Tómas Sæmundsson hefur á einum stað í bréfi til föður síns orðað heilbrigt viðhorf til annarra þjóða. Hann segir svo: „engin þjóð getur stoltað af því, (að) hún hafi öllum kennt, en ekkert lært af nokkurri, og engin þjóð þarf að fyrirverða sig, að taka það upp, sem við hennar ásigkomulag er bezt, þó það annars staðar sé upp fundið og í brúki."

Það er fullvissa okkar Sjálfstæðismanna, að íslenzkri þjóð sé ætlað það sögulega hlutverk, að byggja þetta land ein, rækta það, nytja og vernda og að auðga og efla þann menningararf, sem forfeður okkar skópu og gáfu okkur í vegarnesti og veita öðrum þjóðum af örlæti af þeim menningarlindum.

Við teljum því öll þau öfl, er sljóvga vilja íslenzka þjóðarvitund, tvístra vilja þjóðareiningu, lítilsvirða þjóðmenninguna og á einn eða annan hátt skerða andlegt, efnahagslegt eða stjórnmálasjálfræði þjóðarinnar, þjóðhættuleg og þjóðarfjandsamleg og snúumst gegn þeim sem höfuðandstæðingi, minnugir orða Einars Benediktssonar:

„ef þjóðin gleymdi sjálfri sér
og svip þeim týndi, er hún ber,
er betra að vanta brauð."

Ríkisþulan nýja

Það munu nú vera hartnær þrjár aldir síðan hollenzki hugsuðurinn Spinoza komst svo að orði: „Allir menn óttast einveruna, því enginn er nógu öflugur til þess að verja sig, eða afla sér lífsnauðsynja einn saman, þess vegna hafa menn eðlilega löngun til þess að lifa í skipulegu samfélagi." Af þessum og raunar ýmsum öðrum ástæðum hafa myndazt þjóðfélög og öll hin margvíslegu félagsfyrirbæri, sem þeim eru samfara. Í víðtækastri merkingu er þjóðfélagið, svo sem nafnið gefur til kynna, heildarsamfélag þjóðar, en nánar greint samanstendur það af fjölda félagsheilda og félagseininga, sem myndazt hafa vegna skyldleika, nábýlis, hagsmuna eða enn annarra orsaka, sem félagsfræðin flokkar eftir ýmsum reglum, m. a. í náttúruleg samtök, svo sem fjölskyldu, ætt, kynflokk, byggðasamfélög o. s. frv., og tilgangssamtök, svo sem stéttar-, hagsmuna-, trúarfélög o. fl.

Viðhorfi sjálfstæðisstefnunnar til sumra þessara félagsfyrirbæra, svo sem þjóðar og ættar, hefur þegar verið lýst, og síðar verður nánar fjallað um ríkið sjálft. Ekki er hinsvegar rúm til þess hér að víkja að nema fáum einum hinna mýmörgu fyrirbæra þjóðfélagsins.

Um fjölskylduna og heimilið skal það eitt sagt, að sjálfstæðisstefnan telur fjölskylduna frumeind þjóðfélagsins og álítur hverja þjóðfélagsbyggingu riða til falls, ef þróttur þessara frumeinda hennar er veiktur. Stefna Sjálfstæðismanna miðar því að því að treysta þau bönd, er tengja fjölskylduna saman, og

þeir skoða það sem eitt af höfuðviðfangsefnum þjóðfélagsins að láta fjölskyldunni í té gott heimili, þar sem æskunni er veitt holl aðbúð og farsælt uppeldi, svo að á heimilunum megi dafna ósvikin heimilismenning samkveikt sjálfri þjóðmenningunni. Þeir einstaklingar og stefnur, sem með uppeldi og menningu að yfirvarpi, vilja leysa upp heimilin og svipta þau öllu áhrifavaldi um uppeldi æskunnar og gera fjölskylduna aðeins að lágkúrulegu tekju- og matarsamfélagi og heimilin að svefnstofum einum, eru annað tveggja félagslega helblindir eða þeir höggva vitandi vits að rótum einnar þeirrar meginstoðar, sem þjóðfélag okkar hvílir á.

Eitt það félagsfyrirbæri, sem mestum deilum veldur í nútíma þjóðfélagi, er stéttin, eðli hennar og hlutverk. Skipting þjóðfélagsins í stéttir er ævagömul tilhögun. Um upphaf stéttaskiptingar og orsakir eru til margar sögur og ólíkar. Í Rígsþulu í Eddu Sæmundar setja forfeður okkar fram sínar kenningar um uppruna stéttanna og reyna að fella fyrirbærið inn í hina germönsku heimsmynd. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, stéttaskipan gerbreytzt og hugmyndir manna um uppruna, eðli og hlutverk stétta tekið stakkaskiptum og valdið djúptækari ágreiningi en flest annað.

Mestu róti á hugum manna hefur á þessum vettvangi valdið Rígsþulan nýja, er Karl Marx setti fram í sínum goðafræðum, „Kommúnistaávarpinu" og „Das Kapital". Í stuttu máli boða þessi nýju fræði, sem hvíla á tveim megin stoðum, efnislegu söguskoðuninni og arðránskenningunni, að saga mannkynsins, sé aðeins saga stéttanna, stéttamótsetninganna og stéttabaráttunnar. Í þróunarsögu mannkynsins skipta einstaklingar og þjóðir litlu máli. Það eru stéttirnar, sem hafa hver sínu ákveðnu sögulega hlutverki að gegna og hafa þannig með yfirráðum sínum afmarkað þróunartímabil sögunnar. Að þeirra dómi hefur baráttan milli stéttanna farið stöðugt harðnandi og náð hámarki sínu á okkar tímum í átökum milli öreiga og eignamanna, verkalýðs og borgara, og eftir þeirra spádómskveri mun þessum átökum ljúka með verkalýðsbyltingunni, stjórnartöku verkamanna í krafti líkamlegrar valdbeitingar, útrýmingu borgarastéttarinnar og alræði öreiganna.

Því verður vart í móti mælt, að staðreyndir sögunnar hafa á síðari árum slegið nokkrum fölva á söguskoðun Marxista og verulega hefur dregið úr sannfæringarkraftinum í hvítfyssandi mælsku æðstu presta stéttastreitunnar og lærisveina þeirra, en engu að síður eru þetta kenningar, sem markað hafa djúp spor í stjórnmálasögu tuttugustu aldarinnar og enn setja svip sinn á hugmyndaheim fjölda manna og orsaka tíðum hatrammar sviptingar innan þjóðfélagsins.

Okkur Sjálfstæðismenn greinir á við marxista í öllum grundvallaratriðum frá rótum. Á þetta jafnt við um söguskoðun, viðhorf til stétta og þróunarlögmál þjóðfélagsins.

Með söguskoðun er átt við meint orsakasamband sögulegra staðreynda. Hlutverk söguskoðunarinnar er að skilja þýðingu staðreyndanna fyrir samhengið

og tengja þær saman og túlka og kanna orsakir þeirra og þróunartilhneigingu. Marxistar staðhæfa, að stéttin og stéttabaráttan sé upphaf og endir hinnar sögulegu framvindu, sem lúti lögmálum, sem sé óbrigðul á borð við lögmál náttúrunnar. Við, sem andvígir erum þessari skoðun, freistumst til þess að skoða söguna fyrst og fremst sem þróunarsögu þjóða og manna og þeirrar menningar og tækni, er þeir hafa skapað, og enda þótt stéttirnar og þeirra saga sé ekki ómerkur kapítuli, þá álítum við hann ekkert þýðingarmeiri en sögu ýmissa annarra félagsfyrirbæra (t. d. fjölskyldunnar) og fráleitt merg málsins. Um lögmál sögunnar getum við og tekið undir með B. Russel, er hann segir: „Ég held ekki, að lögmál sögunnar séu örugg og ófrávíkjanleg. Ný þekking getur gerbreytt rás viðburðanna. — Þannig var um fund Ameríku. Á tímum Cesars gat enginn gert sér í hugarlund tilkomu kaþólsku kirkjunnar. Og á 19. öld gat enginn, jafnvel ekki Marx, séð fyrir um stefnu og þróun Sovétríkjanna."

Gagnólíkt viðhorf okkar Sjálfstæðismanna til stéttarhugtaks marxista felst í andstæðu orðanna starfsstéttir og stéttabarátta. Fyrra orðið túlkar stéttarhugmynd Sjálfstæðismanna, en hið síðara hina marxistísku stéttarhugmynd. Grundvallar okkar stéttarhugtaks, starfsstéttar-hugmyndarinnar, er að leita til kenningarinnar um verkaskiptinguna í þjóðfélaginu. Sú kenning er ævaforn og er t. d. skýrt orðuð í „Ríki" Platos, er hann leggur Sókratesi þessi orð í munn: „Verkið vinnst betur og auðveldar, ef hver maður gerir það, sem honum hæfir, og losnar við áhyggjur af öðrum störfum." Verkaskiptingin er æskileg, því hún eykur velmegun þjóðarinnar, og hún vex með aukinni tækni og meiri fjölbreytni atvinnuveganna. Það er einmitt eitt aðalafrek Adams Smith, höfundar hinnar vísindalegu þjóðhagfræði, að hafa fært sönnur á þýðingu verkaskiptingarinnar í þjóðfélaginu. Það er verkaskiptingin, sem leiðir af sér myndun starfsstéttanna. Það sem raunverulega skiptir mönnum í stéttir eru hin mismunandi störf, er þeir stunda, en ekki tímabundin afstaða til eigna, eins og marxistar vilja vera láta. Starfsstéttirnar eru varanleg félagsfyrirbæri, þær geta af sér heilbrigðan stéttarmetnað, stéttarheiður og stéttarsamhug, en stéttarskipting, sem grundvallast á mismunandi eignaskiptum, er fráleit, því að eignaskiptingin er háð stöðugum breytingum.

Viðskipti starfsstéttanna byggjast ekki fyrst og fremst á stéttabaráttu, heldur miklu fremur á stéttasamstarfi. Að vísu eiga stéttirnar oft andstæðra hagsmuna að gæta varðandi tímabundna lausn ágreiningsmála, en þegar til lengdar lætur falla hagsmunirnir í einn farveg, því að aðalverkefnið er ekki skipting afrakstursins, heldur framleiðsla verðmætanna, því að ef ekki er framleitt, kemur ekkert til skiptanna. Sameiginlegir hagsmunir allra stétta eru því aukin framleiðsla, og sá árangur næst aðeins með verkaskiptingu og stéttasamstarfi. Við þurfum að verða okkur þess meðvitandi, að það eru miklu fleiri og meiri hagsmunir, sem eru okkur öllum sameiginlegir, en þeir sem eru andstæðir okkar í milli,

enda væri þjóðfélagið dauðadæmt ef svo væri ekki. Það er og vitað, að þeir, sem telja stéttaandstæðurnar meiri en sérhagsmuni stéttanna, berja í hvern smávægilegan brest þjóðfélagsins og þeyta stöðugt lúðra stéttahaturs, vilja þjóðfélag okkar feigt.

Kommúnistar telja sig bæra til að setjast í dómarastól og fella dóm um kosti og galla stéttanna. Gerast þeir hólberar einnar stéttar og níðendur annarra.

Við Sjálfstæðismenn erum frábitnir slíkum stéttafordómum. Við viljum, að menn séu metnir eftir verkum þeirra. Manngildið er ekki stéttarséreign. Manngildið er eign einstaklinga, hvar í stétt sem þeir standa. Stéttadekur og stéttahatur byggjast á félagsblindu og mannfyrirlitningu.

Þeir, sem blindir eru, munu reynast óratvísir á stigum þjóðfélagsins og ekki færir til þess að veita öðrum leiðsögu, og þeir, sem haldnir eru mannfyrirlitningu, hafa ekki dómgreind til að bera til þess að stjórna mönnum og ráða örlögum þeirra.

Afvegaleidd stéttarvitund hefur stundum leitt til þess, að stéttarsamtök bæði launþega og atvinnurekenda hafa tekið á sig gerfi harðsvíraðra hagsmunahópa, sem hafa orðið gróðrarstíur skipulagðrar hópeigingirni og fjöldaöfundar, sem misbeitt hefur verið sem stjórnmálavopni og jafnvel stundum notuð til ógnunar almannavaldinu í landinu. Slík þróun er andstæð eðli starfsstéttanna, skaðleg þjóðfélaginu og því bráðnauðsyn stétt og þjóð að fyrir þau missmíð sé girt með löggjöf, er stéttarsamtökin ættu hlut að, og með eflingu almannavaldsins, því að vald er aðeins hægt að takmarka með öðru valdi.

Leið Sjálfstæðismanna í samskiptum stéttanna er vafalaust, talsvert vandrataðri en leið stéttabaráttunnar og flokka þeirra, stéttarflokkanna. Þeir hefja merki einnar stéttar og hvetja til baráttu. Sjálfstæðismenn bera klæði á vopnin og hvetja til sátta. Það er oftast erfiðara að vera mannasættir en stríðsmaður. Það er hætt við, að sjónarmið stéttarflokks leiði til þröngsýni og fordóma, og víst er um það, að það hefur í för með sér árekstra og úfa með mönnum og stéttum. Það gerir hinsvegar kröfu til víðsýni, hófsemi og sanngirni, vilja til þess að samræma sjónarmiðin og hæfileika til að miðla málum, er flokkur gerist talsmaður allra stétta og boðberi stéttasamstarfsins. Þenna vanda vill Sjálfstæðisflokkurinn eftir getu takast á hendur, vitandi það, að ella muni íslenzkt þjóðfélag senn flakandi í sárum stéttastríðsins.

Boðskapur kommúnista er bylting. Bylting með valdi. Lokastig þróunarkenningar þeirra er verkalýðsbyltingin, alræði öreiganna og tortíming borgarastéttarinnar. Í daglegu tali blanda menn oft saman byltingu og valdbeitingu og byltingu og uppreisn. Er því sennilegra öruggara að slá þessum hugtökum strax föstum hverju fyrir sig. Bylting er endurmat allra verðmæta. Bylting er því í sjálfu sér fyrst og fremst andlegt fyrirbæri og á sér stað innra með mönnum, þótt hún síðar komi fram í verkum þeirra og setji þá svipmót sitt t. d. á atvinnulíf og stjórnskipan. Samfara slíkri breytingu á stjórnarháttum þarf alls ekki að vera

valdbeiting, t. d. segir B. Russel: „Það er rétt að geta þess, að hinar bezt heppnuðu byltingar — sú enska 1688 og sú ameríska 1776, voru framkvæmdar af mönnum, sem báru djúpa virðingu fyrir lögunum. Ef slíka virðingu fyrir lögunum skortir, getur bylting hæglega leitt til stjórnleysis eða harðstjórnar." Bylting er sem sagt fyrst og fremst breyting á lífsskoðun og breytt þjóðfélagsform, sem af því leiðir. Bylting getur því átt sér stað án valdbeitingar og án lögbrota. Uppreisn er hinsvegar valdbeiting gegn ríkjandi þjóðfélagsformi eða þeim, sem með stjórn fara. Byggist uppreisnin á nýmati verðmætanna og vilji breyta þjóðskipulaginu því til samræmis, er hún jafnframt bylting. En sé hún hinsvegar aðeins svörun við ákveðnu þjóðfélagsástandi og neyð, eða beinist einvörðu gegn handhafa stjórnarvaldsins, á uppreisnin ekkert skylt við byltingu. Bylting kommúnista er í senn uppreisn, því að þeir telja valdbeitinguna sögulega nauðsyn, í samræmi við eðli byltingarinnar og höfuð einkenni hennar. Enda er Lenin ekki að draga fjöður yfir það, er hann kemst svo að orði í riti sínu „Ríki og bylting": „Byltingin felst í því, að öreigarnir eyðileggja „stjórnartækið", meira að segja allt ríkisbáknið, og setja nýtt í staðinn, sem myndað er af vopnuðum verkamönnum." — Þá er Marx ekki linmæltari, er hann staðhæfir, að „ekkert þjóðskipulag hefur enn fæðst öðruvísi en með aðstoð ofbeldis".

Svo sem aðrir lýðræðissinnar telja Sjálfstæðismenn hið eðlilega lögmál sögulegrar framvindu ekki vera byltingu, og valdbeitingu ekki leið til félagslegra úrbóta. Þó er því ekki að neita að aðstæður á ýmsum tímum og í ýmsum löndum geta verið breytilegar og eftirfarandi hugleiðing B. Russels hefur nokkuð til síns máls: „Virðing fyrir lögunum er óhjákvæmilega skilyrði fyrir nokkurnveginn skipulögðu þjóðfélagi. Ef einhver álítur lög röng, hefur hann rétt til og ber jafnvel skylda til að reyna að fá þeim breytt, en það er sjaldan, sem brot á lögum eru réttlætanleg. Þó geta komið fyrir kringumstæður, er gera lagabrot skyldu, ef þau brjóta með öllu gegn siðalögmáli manna. — Það eru meira að segja til kringumstæður, sem réttlæta byltingu. Lögleg stjórn getur verið svo slæm, að það sé réttlætanlegt að fjarlægja hana með valdi, jafnvel þótt af því gæti leitt stjórnleysi." — Í þeim löndum, sem lýðræðisþjóðskipulag hefur fengið að festa rætur og ná þroska, munu þess þó fá dæmi, að slíkt félagslegt neyðarástand hafi myndazt.

Leið Sjálfstæðismanna er leið þróunar, en ekki byltingar. Við viljum byggja á því liðna og endurbæta stöðugt, en ekki varpa arfinum fyrir róða. Við teljum að breyta megi þjóðfélaginu og stjórnarskipan eftir þingræðislegum leiðum jöfnum skrefum eftir því sem þróunin krefur. Leið þróunarinnar, umbóta í áföngum, er leið frjálsborinna manna, sem eiga kost á án hindrana að hugsa og ræða viðfangsefnin og taka afstöðu til þeirra í samræmi við erfðir sínar og heilbrigða skynsemi. Slík þróun er ekkert grunnfært fardagaflan, heldur breytir hún varanlegu hugtökunum í veruleika.

Grein þessi er fyrri hluti lengri ritgerðar.